

# Náttúrufræðistofnun Norðurlands

(The Akureyri Museum of Natural History)

P.O. Box 580,

602 Akureyri, ICELAND

Forstöðumaður: Dr. Hörður Kristinsson

GREINARGERÐ UM GRUNN HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR Á HÚSAVÍK

Halldór G. Pétursson. Jarðfræðingur

Akureyri desember 1988

## GREINARGERÐ UM GRUNN HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR Á HÚSAVÍK.

Þann 3. og 7. október sl. fór ég könnunarferðir til Húsavíkur. Beiðni kom í bæði skiftin frá Húsvíkingum að skoða grunn og undirstöður fyrirhugaðrar Heilsugæslustöðvar.

Fyrri ferðin var farin til að kanna hvort sprunga eða brotalína leyndist í vesturhluta grunnsins. Sú seinni til að kanna fíngerð siltlög sem komu í ljós þegar grunnurinn var dýpkaður.

Niðurstöður eru þær að ekki er talin ástæða til að ætla að sprunga liggi í vesturhluta grunnsins. Fíngert setlag finnst í austurhluta grunnsins. Það þynnist ört til vesturs. Uþb. 2-3m frá austurbakka grunnsins er það orðið linsa. Ekki er talin ástæða til að hafa áhyggjur af þessu lagi/linsu sem byggingarundirstöðu.

Aðstæður í grunninum eru þannig að efst er um 2-3m þykkur jarðvegur. Greinilegt ljóst öskulag er vel fyrir ofan miðju í jarðvegslaginu. Það finnst í öllum hliðum grunnsins og er allsstaðar í svipaðri hæð og án misfella. Lang líkast er að askan hafi fallið á slétt yfirborð sem hvergi hafi verið í lautir eða lægðir. Þetta er eitt af þeim atriðum sem mæla gegn tilvist sprungu. Ef litið er á botn grunnsins kemur í ljós að allsstaðar hefur verið grafið niður að hálfhörðnuðum jökulruðningi (móhellu), nema vestast. Þar hefur verið grafið í gegnum hann. Jökulruðningurinn þynnist frá austri til vestur. Í austurbrúninni er ruðningurinn summsstaðar amk. 2m á þykkt, og í austurhluta grunnsins er hann víða 1-1.5m á þykkt. Í vesturbrúninni er jökulruðningurinn þunnur, nánast linsa 0.05-0.10m. Því hefur verið létt að grafa í gegnum hálfharðnaðann ruðninginn í vesturhluta grunnsins. Þegar grafið var í gegnum jökulruðninginn í austurhluta grunnsins var komið í samsskonar lög undir honum og í vesturhlutanum (sjá mynd). Þetta mælir einnig gegn tilvist sprungu.

Samsetning setlaga í austurbakka grunnsins og í ca. 3m djúpri gryfju sem var grafin í botn austurhlutans er eftirfarandi (sjá mynd):

a) Efst í er jökulruðningur sem er amk. 2m þykkur summsstaðar í austurbakkanum. Þar sem grafið hefur verið í grunnbotninn er hann ca. 1m. Jökulruðningurinn þynnist til vesturs.

b) Vel aðgreind (sorteruð) mól, ca. 1m. Til vesturs þykknar mölin og verður sandríkari.

c) Sandríkt silt. Í austurbakka gryfjunnar í grunnbotninum er þykkt ca. 1m, en í gryfjunni sjálfri, meir en 2m. Til vesturs í gryfjunni þynnist það ört og á nokkrum metrum verður það að linsu. Siltið hefur verið rofið eða fellt.

d) Neðst er illa aðgreint (sorterað) lag með talsverðu fínefni, þetta lag gæti verið jökulruðningur. Þegar gryfjan var grafin var siltlagið (lag c) blautt og vatnsmettað. Þegar skoðun fór fram var það þurrt. Lagið nær það stutt til vesturs og þynnist það ört að

ekki er talin ástæða til að hafa áhyggjur af því sem byggingarundirstöðu.

Í vesturhluta grunnsins er gerð setlaganna nokkur önnur.

Undir jarðvegi mátti greina örþunna jökulruðning (a).

Undir honum var vel aðgreind jafnkorna möl. Sandmagn

jókst niður á við og við tók sandur með þunnum

lögum/linsum af möl. Mölin og sandurinn samsvara lagi b

austanmegin. Ekki var grafið í gegnum sandinn, en ljóst

er að lag b þykkar ört til vestur, en lag c hverfur.

Sennilega hefur lag c upprunanlega teygst lengra til

vesturs, en rofist burt samhliða myndun lags b.

Í sjávarbökkunum sunnan Húsavíkur finnast setmyndanir sem

eru svipaðar af gerð og lag c í grunninum. Malarnám í

Langholti fer fram í fornri óseyri. Lega hennar er

þanning að reikna verður með að fíngerðasta setið frá

henni hafi farið til norðurs. Allar þessar jarðmyndanir

eru eldri en síðasta jökulframrás og hálfharðnaður

jökulruðningur (móhella) á svæðinu. Því má búast við að

víða á Húsavíkursvæðinu (td. ofan við 10m hæðarlínu við

Búðará) sé að finna fínkorna setlög undir misþykkum

jökulruðningi (móhellu). Þetta ætti að hafa í huga þegar

húsgrunnar eru grafnir á svæðinu. Full ástæða getur verið

til vita hvað leynist undir móhellunni, en ekki hætta

greftri strax og komið er niður á hana. Hálfhörðnuð


móhellan getur gefið falska öryggiskennd, en undir henni

geta leynst jarðlög sem eru léleg undirstaða og

varhugaverð.

VESTUR-  
BAKKI

AUSTUR-  
BAKKI



RISS AF JARÐLÖGUM Í GRUNNI HEILSHGÆSLU STÖÐVAR